

Reykjavík, 24. janúar 2024.

## Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð

### Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi gjaldtöku á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins

Á fundi menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs 5. janúar 2024 lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í menningar-, íþrótt- og tómstundaráði fram svohljóðandi fyrirspurn: Óskað er eftir upplýsingum um og rökstuðningi fyrir þeirri nýlundu að hefja gjaldtöku af eldri borgurum á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins, sem þeir hafa haft frían aðgang að um langt skeið. Jafnframt er óskað eftir svörum við eftirfarandi spurningum:

#### 1. Hve margir eldri borgarar hafa sótt skíðasvæðin árlega undanfarin ár?

Undanfarin ár hefur salan verið með þessum hætti hér:

Veturinn 2017 = 263 vetrarkort

Veturinn 2018 = 286 vetrarkort

Veturinn 2019 = 289 vetrarkort

Veturinn 2020 = 193 vetrarkort

Veturinn 2021 = 73 vetrarkort

Veturinn 2022 = 258 vetrarkort

Veturinn 2023 = 348 vetrarkort

Á síðasta ári voru gefin út 348 kort fyrir eldri borgara. Í vetur hefur sami hópur keypt 118 árskort í lyftur og 46 skíðagöngukort. Einnig hafa einhverjir keypt aðgang í 2-3 klukkustundir, þannig að samtals eru 200 hreyfingar á þennan hóp sem er skráður 67 ára og eldri. Það er erfitt að svara því nákvæmlega hversu margir hafa sótt svæðin, en allir sem sóttu um að fá vetrarkort fengu vetrarkort. Það hefur ekki verið haldið utan um það hversu oft hver var að mæta.

#### 2. Hversu lengi hafa þeir haft frían aðgang að skíðasvæðunum?

Eldra fólk hefur haft frían aðgang að skíðasvæðunum frá upphafi reksturs skíðasvæðanna. Það er vert að hafa í huga að á skíðasvæðinu í Hlíðarfjalli á Akureyri er rukkað fyrir 67 ára og eldri. Verðið þar fyrir þennan aldurshóp er kr. 50.360.- en í Bláfjöll kostar til samanburðar kr. 36.120.-

#### 3. Hversu miklum tekjum er ætlað að gjaldtaka af eldri borgurum skili?

Reiknað var með að gjaldtakan gæti skilað allt að 5 milljónum króna. Hingað til hafa þær 200 hreyfingar sem minnst er á í lið 1, sala vetrarkorta og skíðagöngukorta, skilað rétt tæpum 4.3 milljónum króna. Þetta var hugsað að hluta til sem mótvægi við þær breytingar sem var gerð á sama tíma að taka út ungmennagjald (16-18 ára) og að hafa þann aldurshóp á barnagjaldi. Sú breyting var gerð með það í huga að koma til móts við barnafjölskyldur og stuðla enn frekar að möguleikum ungs fólks til að stunda hreyfingu.

**4. Af hverju var ekki haft samráð við Öldungaráð Reykjavíkur, Félag eldri borgara í Reykjavík og Samtök aldraðra um þá breyttu tilhögun að hefja umrædda gjaldtöku af eldri borgurum?**

Það er ekki hefð fyrir því að tillögur sem samstarfsnefndin leggur til við eigendavettvang séu bornar undir hagaðila, enda eru tillögur samstarfsnefndarinnar ekki bindandi fyrir eigendavettvanginn. Ef það ætti að endurskoða það fyrirkomulag þyrfti að gera það í öllum sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu undir merkjum SSH.

Þorvaldur Danielsson  
formaður samstarfsnefndar skíðasvæðanna